# ÁRSSKÝRSLA & REIKNINGAR 1996




73. Ársþing,
Hlégarði, Mosfellsbæ
23. febrúar 1997

# Ársskýrsla 1996

## Efnisyfirlit

Dagskrá 73. ársþings UMSK ........ 2

Fulltrúar á 73. ársþingi UMSK ........ 3

Ávarp formanns ........ 4

Skýrsla stjórnar ........ 5

- 72. ársþing UMSK 6
- Stjórn UMSK 1996 - 1997 7
- Aðildarfélög UMSK 8
- 63. Íþróttaþing ÍSÍ 13
- Nýtt félag 13
- Samkomur og fundir 14
- Starfsskýrslur 15
- UMSK á veraldarvefnum 15
- 22. Landsmót UMFÍ 16
- Knattspyrnunefnd 18
- Sundnefnd 20
- Frjálsíþróttanefnd 24
- Skólahlaup 26
- Getraunir 28
- Lottó 30
- Starfsmerki UMSK 33
- Afreksmenn UMSK 35
- Íþróttaiðkendur UMSK 36

Lög UMSK ........ 38

Reglur um heiðursviðurkenningar ........ 41

Reglur um sérnefndir ........ 42

Reikningar ........ 43

# Dagskrá 73. ársþings UMSK

Haldið í Hlégarði, Mosfellsbæ
23. febrúar 1997.

1. Þingsetning. kl. 10:00
2. Kosning fyrsta og annars þingforseta.
3. Kosning fyrsta og annars þingritara.
4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
5. Skýrsla stjórnar lögð fram.
6. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.
7. Ávörp gesta.
8. Álit kjörbréfanefndar.
9. Staðfesting á aðild nýrra félaga.
10. Umræður um skýrslu stjórnar.
11. Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga
    MATARHLÉ. kl. 12:00
12. Skipað í nefndir til starfa á þinginu,
    þar á meðal þriggja manna kjörnefnd. kl. 13:00
13. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram.
14. Laga- og reglugerðabreytingar lagðar fram.
15. Aðrar tillögur lagðar fram.
16. Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir.
17. Afgreiðsla á áliti nefnda. kl. 14:30
18. Önnur mál.
19. Kosningar, kjörnefnd skilar áliti.
    a. Kosning formanns.
    b. Kosning tveggja stjórnarmanna.
    c. Kosning þriggja manna í varastjórn.
    d. Kosning tveggja endurskoðenda og tveggja til vara.
    e. Kosning í héraðsdómstól.
20. Þingslit. kl. 16:00

# Þingfulltrúar á 73. ársþingi UMSK

## Fulltrúafjöldi sambandsaðila:

| | Félag | sk.sk. fél. | fullt. |
|---|---|---|---|
| 1. | Umf. Afturelding. | 1415 | 9 |
| 2. | Umf. Drengur. | 80 | 1 |
| 3. | Umf. Kjalnesinga. | 233 | 2 |
| 4. | Umf. Bessastaðahrepps. | 220 | 2 |
| 5. | Umf. Breiðablik. | 2018 | 9 |
| 6. | Umf. Stjarnan. | 577 | 6 |
| 7. | Íþróttafélagið Grótta. | 256 | 3 |
| 8. | Handknattleiksfélag Kópavogs. | 932 | 9 |
| 9. | Íþróttafélagið Gerpla. | 229 | 2 |
| 10. | Siglingafélagið Ýmir. | 259 | 3 |
| 11. | Siglingaklúbburinn Vogur. | 39 | 1 |
| 12. | Golfklúbburinn Kjölur. | 225 | 2 |
| 13. | Siglingafélagið Sigurfari. | 147 | 1 |
| 14. | Íþróttafélagið Gáski. | 49 | 1 |
| 15. | Íþróttafélagið Hlynur. | 57 | 1 |
| 16. | Íþróttafélagið Tjaldur. | 23 | 1 |
| 17. | Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar. | 266 | 3 |
| 18. | Knattspyrnufélagið Hvatberar. | 46 | 1 |
| 19. | Hestaíþróttafélagið Hörður. | 304 | 3 |
| 20. | Íþróttad. Hestamannaf. Gusts. | 343 | 3 |
| 21. | Skotfélag Kópavogs. | 73 | 1 |
| 22. | Keilufélag Garðabæjar. | 52 | 1 |
| 23. | Íþróttad. Hestamannaf. Andvara. | 236 | 2 |
| 24. | Tennisfélag Kópavogs. | 181 | 2 |
| 25. | Golfklúbbur Bakkakots. | 90 | 1 |
| 26. | Golfklúbbur Hvammsvíkur. | 20 | 1 |
| 27. | Golfklúbburinn Oddur. | 161 | 2 |
| 28. | Íþróttadeild Sóta. | 61 | 1 |
| 29. | Knattspyrnufélagið Augnablik. | 19 | 1 |
| 30. | Golfklúbbur Ness. | 399 | 4 |
| 31. | Íþróttafélag aldraðra, Kópavogi. | 90 | 1 |
| 32 | Dansfélagið Hvönn. | 41 | 1 |
| | | 9141 | 81 |
| Nýtt félag: | | | |
| 33 | Handknattleiksfélag Mosfellsbæjar. | (11) | (1) |

# Ávarp formanns

Ágætu félagar, nú er runnið upp 75 ára afmælisár UMSK, sem vonandi verður gæfuríkt og gott fyrir sambandið og aðildarfélögin. Á síðasta ári var mikil gróska hjá aðildarfélögum sambandsins, mikil afrek unnin eins og alltaf. Ekki ætla ég að tíunda nein afrek sérstaklega því það yrði of langt mál.

Það má áætla að árið 1997 verði viðburðaríkt og skemmtilegt því stórir íþróttaviðburðir verða haldnir hér á árinu. Smáþjóðaleikar Evrópu eru án nokkurs vafa stærsti íþróttaviðburður sem Íslendingar hafa ráðist í. Ljóst er að stór hluti Smáþjóðaleikanna mun fara fram á sambandssvæði okkar, þ.e. í Kópavogi. Keppni mun fara fram í Tennishöllinni, Smáranum, Digranesi og þá mun hluti siglingakeppninnar fara fram á athafnasvæði Siglingafélagsins Ýmis. Það munu því margir félagar innan UMSK koma að leikunum með einum eða öðrum hætti.

Annar stórviðburður á árinu er Landsmót UMFÍ sem haldið er að þessu sinni í Borgarnesi dagana 3. - 6. júlí. Þangað mun UMSK senda sterka keppnissveit en stefnan hefur að sjálfsögðu verið sett á sigur. Ég vil nota þetta tækifæri og hvetja allt UMSK-fólk til að fjölmenna í Borgarnes og styðja liðið okkar í baráttunni þar.

Á þessu ári verður Íþróttaþingi ÍSÍ sem frestað var í október s.l. framhaldið og verður þá endanlega tekin afstaða til sameiningarmála ÍSÍ og ÓÍ sem í nokkurn tíma hafa verið mikið í umræðunni. Félagar innan UMSK hafa tekið virkan þátt í þeirri vinnu sem hefur verið lögð á vogarskálarnar í þessum málum, sem og í flestu sem viðkemur íþróttahreyfingunni.

Þó svo að bjart sé yfir íþróttahreyfingunni hafa dökkar fréttir af ungmennum þjóðarinnar aukist og er það hryggilegt að vita til þess að ofbeldi, þjófnaðir og neysla vímuefna skuli vera að aukast á þessum dögum. Íþróttahreyfingin hefur aðstöðu til þess að leggja sitt af mörkum í baráttunni gegn þessari vá en félögin ná því miður ekki til allra ungmenna. Í fyrra gerði ég brottfall ungmenna úr íþróttum að umtalsefni og hvatti menn til að skoða þessi mál. Enn er brottfall og hefur því miður nokkuð borið á því að ástæðan sé hve dýrt er að stunda íþróttir. Vissulega getur verið dýrt að halda úti íþróttaæfingum þó svo að reynt sé að halda kostnaði niðri. Barnmargar fjölskyldur lenda því oft í þeirri aðstöðu að hafa ekki ráð á því að senda börnin í íþróttir. Við þessari þróun þarf að sporna annaðhvort með beinum framlögum frá sveitarstjórnum eða með niðurgreiðslum.

Ekki þýðir þó annað en að vera bjartsýnn á þessu annars líflega ári. Stefna skal hátt á landsmóti og kemur þar varla neitt annað en sigur til greina. Kostnaður sem fylgir þátttöku á mótinu er talsverður en á undanförnum árum hefur verið lagt fyrir og er því til nokkur sjóður sem kemur sér vafalaust vel. Nýtt samkomutjald var keypt á síðasta ári og verður það að sjálfsögðu notað sem miðstöð fyrir keppnislið UMSK á landsmóti.

Að lokum vil ég þakka því góða fólki sem hefur starfað með mér í stjórninni fyrir góð störf og öllum þeim sem komið hafa með einum eða öðrum hætti að starfsemi sambandsins, flyt ég bestu kveðjur.

Íslandi allt
Svanur M. Gestsson



*Frá 72. Ársþingi UMSK sem haldið var í Smáranum, Kópavogi.*

# Skýrsla stjórnar 1996-1997

Skýrslan var unnin af Birgi Ara Hilmarssyni í janúar og febrúar. Höfundar efnis eru Svanur M. Gestsson, Einar Sigurðsson og Birgir Ari Hilmarsson.

Myndir í skýrslunni eru úr myndasafni UMSK. Forsíðumyndin er frá skólahlaupi UMSK 1996.

Hönnun kápu: Jone
Prentun kápu: Garðaprent
Fjölritun: Stensill

# 72. ársþing UMSK

Ársþing UMSK var haldið laugardaginn 17. febrúar s.l. í Smáranum í Kópavogi. Svanur Gestsson formaður UMSK setti þingið kl. 10:00. Gestir þingsins voru fjölmargir en frá ÍSÍ mættu Ellert B. Schram, Hafsteinn Pálsson, Lovísa Einarsdóttir og Unnur Stefánsdóttir, frá UMFÍ Þórir Jónsson og Ólína Sveinsdóttir. Þingforsetar voru þeir Jón Ingi Ragnarsson og Páll Aðalsteinsson, þingritari var Lilja Petra Ásgeirsdóttir. Fremur illa var mætt til þingsins en 37 fulltrúar mættu frá 13 félögum en alls áttu 88 fulltrúar frá 32 félögum rétt til setu.

Á þinginu sem var það 72. í röðinni var dansfélagið Hvönn tekið inn í sambandið og mun það vera fyrsta dansfélagið sem formlega er tekið inn í íþróttahreyfinguna á þingi héraðssambands.

Þingið gekk hratt fyrir sig og ekki þá síst fyrir dagskrárbreytingu sem gerð var að frumkvæði Loga Kristjánssonar, en hann lagði til að nefndarstörfum væri sleppt og tillögur og mál borin beint upp og rædd. Þetta fyrirkomulag gekk vel fyrir sig enda þingið ekki fjölmennt. Meðal mála sem rædd voru var hið mikla brotthvarf unglinga úr íþróttum og var samþykkt að stjórn UMSK hefði með höndum samræmingu aðgerða aðildarfélaganna í þessum málum. Þá var einnig samþykkt að UMSK leitaðist eftir því að halda 24. Landsmót UMFÍ í Kópavogi árið 2004.

Í fundarhléi var þingfulltrúum og gestum boðið til hádegisverðar í boði bæjarstjórnar Kópavogs og við það tækifæri ávarpaði Sigurður Geirdal bæjarstjóri þingheim. Hann gerði að umtalsefni hið mikla félagsmálastarf sem unnið er innan hreyfingarinnar. Hann sagði leiðtogastarfið þurfa jafn mikla þjálfun og annað íþróttastarf og að það þyrfti að meta að verðleikum. Í hádegisverðarhléinu voru að venju veittar viðurkenningar til afreksmanna á sviði íþrótta- og félagsmála.

Kosið var í stjórn samkv. lögum sambandsins. Svanur M. Gestsson formaður var endurkjörinn með lófataki. Guðrún Magnúsdóttir og Sigurjón Guðfinnsson voru kjörin í aðalstjórn til tveggja ára. Í varastjórn voru kjörin Sturlaugur Tómasson, Albert H.N. Valdimarsson og Lára Ólafsdóttir.

# Stjórn UMSK

Á 72. ársþingi UMSK urðu þær breytingar á stjórn sambandsins, að Margrét Guðmundsdóttir sem verið hefur gjaldkeri til nokkurra ára lét af störfum. Í stjórn var kjörinn Sigurjón Guðfinnsson sem áður sat í varastjórn. Svanur M. Gestsson var endurkjörinn formaður UMSK. Guðrún Magnúsdóttir var endurkjörin í stjórn til tveggja ára. Örn Harðarson og Ester Jónsdóttir sátu áfram á seinna ári. Þá voru Albert H.N. Valdimarsson og Sturlaugur Tómasson endurkjörnir í varastjórn. Lára Ólafsdóttir var kjörin ný í varastjórn.

Formaður



Svanur M. Gestsson
UMFA

Varaformaður



Ester Jónsdóttir
UBK

Ritari



Sigurjón Guðfinnsson
KGB

Gjaldkeri



Guðrún Magnúsdóttir
UMFA

Meðstjórnandi



Örn Harðarson
Herði

Varastjórn



Sturlaugur Tómasson
UBK

Varastjórn



Albert H.N. Valdimarsson
HK

Varastjórn



Lára Ólafsdóttir
Gerplu

Þegar þetta er ritað hafa verið haldnir 11 formlegir stjórnarfundir.

# Aðildarfélög UMSK 1996

## 1. Afturelding

Ungmennafélagið Afturelding, Mosfellsbæ

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 926 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 1415 |
| Alls: | 2341 |

Félagið stofnað: 11. apríl 1909

Formaður: Ingibjörg B. Jóhannesdóttir

**Formenn deilda:**

| | |
|---|---|
| Badmintondeild: | Lára Hafdís Gunnbjörnsdóttir |
| Frjálsíþróttadeild: | Lilja Petra Ásgeirsdóttir |
| Handknattleiksdeild: | Jóhann Guðjónsson |
| Knattspyrnudeild: | Gunnar Ingi Gunnarsson |
| Körfuknattleiksdeild: | Kristján Örn Jónsson |
| Sunddeild: | Lúðvík Friðriksson |
| ÍFA-deild: | Elías Níelsson |

## 2. Drengur

Ungmennafélagið Drengur, Kjós

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 13 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 80 |
| Alls: | 93 |

Félagið stofnað: 1. ágúst 1915

Formaður: Hermann Ingólfsson

## 3. UMFK

Ungmennafélag Kjalnesinga

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 97 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 233 |
| Alls: | 330 |

Félagið stofnað: 26. maí 1938

Formaður: Snorri Hauksson

## 4. UMFB

Ungmennafélag Bessastaðahrepps

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 139 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 220 |
| Alls: | 359 |

Félagið stofnað: 6. janúar 1946

Formaður: Bjarni Jónsson

## 5. Breiðablik

Ungmennafélagið Breiðablik, Kópavogi

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 1243 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 2018 |
| Alls: | 3261 |

Félagið stofnað: 12. febrúar 1950

Formaður: Ásgeir Friðgeirsson

**Formenn deilda:**

| | |
|---|---|
| Frjálsíþróttadeild: | Hreinn Jónasson |
| Handknattleiksdeild: | Sighvatur Blöndahl |
| Karatedeild: | Jón Ágúst Þorsteinsson |
| Knattspyrnudeild: | Guðmundur Oddsson |
| Kvennadeild: | Birna Guðmundsdóttir |
| Körfuknattleiksdeild: | Jóhann Árnason |
| Skíðadeild: | Guðmundur Þór Björnsson |
| Sunddeild: | Eiríkur Jensson |

## 6. Stjarnan

Ungmennafélagið Stjarnan, Garðabæ

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 1048 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 577 |
| Alls: | 1625 |

Félagið stofnað: 30. nóvember 1960

Formaður: Lárus Rafn Blöndal

**Formenn deilda:**

| | |
|---|---|
| Blakdeild: | Halldór Snorrason |
| Borðtennisdeild: | Albrect Ehmann |
| Fimleikadeild: | Lára Daníelsdóttir |
| Handknattleiksdeild: | Einar Sigurður Björnsson |
| Karatedeild: | Ásgeir Kröyer |
| Knattspyrnudeild: | Smári Hauksson |
| Körfuknattleiksdeild: | Jón Benediktsson |
| Sunddeild: | Rósa Jónsdóttir |

## 7. Grótta

Íþróttafélagið Grótta, Seltjarnarnesi

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 426 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 256 |
| Alls: | 682 |

Félagið stofnað: 24. apríl 1967

Formaður: Einar Jóhannsson

**Formenn deilda:**

| | |
|---|---|
| Fimleikadeild: | Ingibjörg Ásgeirsdóttir |
| Handknattleiksdeild: | Páll Gíslason |
| Knattspyrnudeild: | Björgvin B. Schram |

## 8. HK

Handknattleiksfélag Kópavogs, Kópavogi

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 824 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 932 |
| Alls: | 1756 |

Félagið stofnað: 26. janúar 1970

Formaður: Þorsteinn Einarsson

**Formenn deilda:**

| | |
|---|---|
| Blakdeild: | Jón Birgir Gunnarsson |
| Borðtennisdeild: | Gunnar Þór Finnbjörnsson |
| Handknattleiksdeild: | Rögnvaldur Guðmundsson |
| Keiludeild: | Guðmundur Jón Jónsson |
| Knattspyrnudeild: | Sigvaldi Einarsson |
| Lyftingadeild: | Birgir Þorsteinsson |
| Körfuknattleiksdeild: | Ómar Geir Þorgeirsson |

## 9. Gerpla

Íþróttafélagið Gerpla, Kópavogi

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 651 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 229 |
| Alls: | 880 |

Félagið stofnað: 25. apríl 1971

Formaður: Kristján Erlendsson

**Formenn deilda:**

Fimleikadeild: Elsa Jónsdóttir

## 10. Ýmir

Siglingafélagið Ýmir, Kópavogi

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 79 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 259 |
| Alls: | 338 |

Félagið stofnað: 4. mars 1971

Formaður: Ólafur Bjarni Bjarnason

## 11. Vogur

Siglingaklúbburinn Vogur, Garðabæ

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 13 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 39 |
| Alls: | 52 |
| Félagið stofnað: | 1974 |
| Formaður: | Eiríkur Jónsson |

## 12. Kjölur

Golfklúbburinn Kjölur, Mosfellsbæ

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 31 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 225 |
| Alls: | 256 |
| Félagið stofnað: | 5. desember 1980 |
| Formaður: | Haraldur Sverrisson |

## 13. Sigurfari

Siglingafélagið Sigurfari, Seltjarnarnesi

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 0 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 147 |
| Alls: | 147 |
| Félagið stofnað: | 1981 |
| Formaður: | Hjörtur Hjartarson |

## 14. Gáski

Íþróttafélagið Gáski, Mosfellsbæ

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 0 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 49 |
| Alls: | 49 |
| Félagið stofnað: | 10. júní 1982 |
| Formaður: | Snorri Magnússon |

## 15. Hlynur

Íþróttafélagið Hlynur, Kópavogi

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 0 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 57 |
| Alls: | 57 |
| Félagið stofnað: | 14. júní 1983 |

## 16. Tjaldur

Íþróttafélagið Tjaldur, Mosfellsbæ

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 0 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 23 |
| Alls: | 23 |
| Félagið stofnað: | 1984 |
| Formaður: | Gyða Vigfúsdóttir |

## 17. GKG

Golfklúbbur, Kópavogs og Garðabæjar

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 36 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 266 |
| Alls: | 302 |
| Félagið stofnað: | 17. apríl 1986 |
| Formaður: | Gunnlaugur Sigurðsson |

## 18. Hvatberar

Knattspyrnufélagið Hvatberar, Seltjarnarnesi

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 0 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 46 |
| Alls: | 46 |
| Félagið stofnað: | 21. janúar 1987 |
| Formaður: | Sigurður F. Meyvatnsson |

## 19. Hörður

Hestaíþróttafélagið Hörður, Mosfellsbæ

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 95 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 304 |
| Alls: | 399 |

Félagið stofnað: 22. febrúar 1950
Formaður: Þröstur Karlsson

## 20. Gustur

Íþróttadeild Hestamannaf. Gusts, Kópavogi

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 74 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 343 |
| Alls: | 417 |

Félagið stofnað: 26. febrúar 1980
Formaður: Guðmundur Daníelsson

## 21. SFK

Skotfélag Kópavogs, Kópavogi

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 0 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 73 |
| Alls: | 73 |

Félagið stofnað: 28. apríl 1989
Formaður: Halldór Jónsson

## 22. KGB

Keilufélag Garðabæjar, Garðabæ

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 2 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 52 |
| Alls: | 54 |

Félagið stofnað: 25. maí 1989
Formaður: Halldór Snorrason

## 23. Andvari

Íþróttadeild Hestamannaf. Andvara, Garðabæ

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 61 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 236 |
| Alls: | 297 |

Félagið stofnað: 13. febrúar 1986
Formaður: Sigurður Hansson

## 24. TFK

Tennisfélag Kópavogs, Kópavogi

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 71 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 181 |
| Alls: | 252 |

Félagið stofnað: 4. júní 1991
Formaður: Ólafur Árni Sveinsson

## 25. GOB

Golfklúbbur Bakkakots, Mosfellsdal

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 3 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 90 |
| Alls: | 93 |

Félagið stofnað: 15. júní 1991
Formaður: Hans Henttinen

## 26. GKH

Golfklúbbur Hvammsvíkur, Kjós

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 1 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 20 |
| Alls: | 21 |

Félagið stofnað: 29. apríl 1992
Formaður: Guðmundur Símonarson

## 27. GO

Golfklúbburinn Oddur, Garðabæ

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 0 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 161 |
| Alls: | 161 |

Félagið stofnað: 14. júlí 1993
Formaður: Páll Jóhannsson

## 28. Sóti

Íþróttad. Hestamannaf. Sóta, Bessastaðahreppi

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 12 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 61 |
| Alls: | 73 |

Félagið stofnað: 30. maí 1994
Formaður: Jörundur Jökulsson

## 29. NK

Golfklúbbur Ness

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 16 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 399 |
| Alls: | 415 |

Félagið stofnað: 1964
Formaður: Jón Ásgeir Eyjólfsson

## 30. Augnablik

Knattspyrnufélagið Augnablik

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 0 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 19 |
| Alls: | 19 |

Félagið stofnað: 1981
Formaður: Tómas Eiríksson

## 31. ÍAK

Íþróttafélag aldraðra Kópavogi

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 0 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 90 |
| Alls: | 90 |

Félagið stofnað: 27. október 1994
Formaður: Elísabet Hannesdóttir

## 32. Hvönn

Dansfélagið Hvönn, Kópavogi

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 126 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 41 |
| Alls: | 167 |

Félagið stofnað: 21. október 1995
Formaður: Hafsteinn Örn Guðmundsson

## 33. HM

Handknattleiksfélag Mosfellsbæjar

| | |
|---|---|
| Fjöldi félaga yngri en 16 ára: | 0 |
| Fjöldi félaga 16 ára og eldri: | 11 |
| Alls: | 11 |

Félagið stofnað: 20. júní 1996
Formaður: Viktor R. Viktorsson

# 63. Íþróttaþing

Íþróttaþing, hið 63. í röðinni var haldið á Akranesi dagana 26. og 27. október s.l.

UMSK átti þar 15 fulltrúa og var sá hópur vel mannaður fulltrúum frá aðildarfélögum sambandsins.

Af þeim málum sem hæst bar á þinginu var eins og fram hefur komið í fjölmiðlum, sameiningarmál ÍSÍ og ÓÍ. Samþykkt var tillaga þess efnis að stefnt verði að sameiningu eftir eitt ár. Þá var með tillögunni lögð fram áætlun um samrunann sem og tillaga að lagabreytingu til að unnt væri að fresta þingi í samræmi við áætlunina. Stuttu fyrir þing virtust þessi mál vera í óefni komin, en fyrir tilstuðlan nokkurra sambandsaðila ÍSÍ var málinu komið í vænlegan farveg. Þar áttu fulltrúar frá UMSK stóran hluta að máli og lögðu menn á sig mikla vinnu til að koma málinu í höfn. Þar má segja að hlutur Lárusar Blöndal, formanns Stjórnunnar, hafi vegið þyngst, en hann ásamt Guðjóni Guðmundssyni frá ÍBR lögðu drögin að tillögunum sem samþykktar voru á þinginu.

Meðal annarra mála sem afgreidd voru á þinginu voru stefnuyfirlýsing um þjálfaramenntun, stefnuyfirlýsing um íþróttauppeldi æskufólks, ályktun um tryggingamál og ályktun um forvarnir svo eitthvað sé nefnt.

Á þinginu átti UMSK formenn þriggja starfsnefnda þ.e. Birgi Ara Hilmarsson í Kjörbréfanefnd, Lárus Blöndal í Laganefnd og Loga Kristjánsson í Allsherjarnefnd. Það má því segja að UMSK hafi leikið stórt hlutverk á þinginu.

Þá var Logi Kristjánsson kjörinn í framkvæmdastjórn ÍSÍ en fyrir var UMSK-fólkið Hafsteinn Pálsson og Lovísa Einarsdóttir sem bæði voru endurkjörin.

Þinginu var síðan frestað í samræmi við tillögu þar að lútandi, en þinginu verður framhaldið fyrir 1. október 1997 þar sem lögð verður fram endanleg tillaga um samruna ÍSÍ og ÓÍ.

# Nýtt félag

Eitt félag sótti um aðild að sambandinu á þessu ári. Það var Handknattleiksfélag Mosfellsbæjar. ÍSÍ og UMFÍ hafa yfirfarið og staðfest lög þess, þá hefur stjórn UMSK samþykkt félagið inn í sambandið með fyrirvara um samþykki ársþings.

Handknattleiksfélag Mosfellsbæjar (HM) var stofnað 20. júní 1996 og hefur eins og nafnið gefur til kynna aðsetur í Mosfellsbæ. Stofnfélagar voru ellefu og hafa félagarnir iðkað handknattleik af fullum krafti nú í vetur. Í lögum félagsins segir m.a. "Markmið félagsins er að efla almennan áhuga fyrir iðkun íþrótta og heilsuræktar í bæjarfélaginu og skapa félögum sínum tækifæri til þátttöku í heilbrigðu og þroskandi félagsstarfi".

# Samkomur og fundir

*Fundir og samkomur sem fulltrúar UMSK sóttu á árinu*

| | | |
|---|---|---|
| **2. janúar** | Íþróttamaður ársins | Svanur Gestsson<br>Birgir Ari Hilmarsson |
| **3. mars** | 25 ára afmæli Ýmis | Birgir Ari Hilmarsson |
| **20. apríl** | Sambandsstj.f. ÍSÍ | Sigurjón Guðfinnsson |
| **25. apríl** | 25 ára afmæli Gerplu | Birgir Ari Hilmarsson |
| **21. maí** | Aðalfundur Breiðabl. | Ester Jónsdóttir |
| **7. - 8. júní** | Vornámskeið UMFÍ | Birgir Ari Hilmarsson |
| **4. september** | 50 ára afmæli Friðjóns | Guðrún Magnúsdóttir |
| **21. september** | 75 ára afmæli ÓÍ | Svanur M. Gestsson<br>Birgir Ari Hilmarsson |
| **28. september** | Form. og framkv.stj. fundur ÍSÍ | Birgir Ari Hilmarsson |
| **19. október** | Sambandsráðsf. UMFÍ | Birgir Ari Hilmarsson |
| **26. - 27. október** | ÍSÍ þing | Albert H.N. Valdimarsson<br>Ásgerður Halldórsdóttir<br>Ásgeir Friðgeirsson<br>Birgir Ari Hilmarsson<br>Einar Jóhannsson<br>Ester Jónsdóttir<br>Guðrún Magnúsdóttir<br>Ingi Þór Hermannsson<br>Jón Ingi Ragnarsson<br>Lárus Blöndal<br>Logi Kristjánsson<br>Símon Á. Gunnarsson<br>Svanur M. Gestson<br>Sævar Pálsson<br>Valdimar L. Friðriksson |
| **27. október** | 50 ára afmæli UMFB | Svanur M. Gestsson<br>Birgir Ari Hilmarsaon |
| **30. nóvember** | Uppskeruhátíð UMFA | Guðrún Magnúsdóttir |

*Þá átti UMSK fulltrúa á þingum flestra sérsambanda á árinu.*

# Starfs-skýrslur

Á árinu varð mjög jákvæð breyting á skýrslum sem félögum bar að skila til UMSK. ÍSÍ og UMFÍ komu sér saman um úrvinnslu gagna og var félögum sendur disklingur með skýrsluformi. Þá gátu þau félög sem hafa tekið Fjölni í notkun skilað skýrslum beint úr Fjölni.

Þetta varð til þess að skýrsluskil gengu mjög vel enda flest félög innan UMSK búin að koma upplýsingamálum sínum í gott horf. Sami háttur verður hafður á þetta árið og ætti því ekki að vera mikið mál fyrir félögin að skila inn starfsskýrslu.

Skilafrestur á skýrslum til UMSK er 1. apríl, því skila þarf til ÍSÍ fyrir 15. apríl. Að öðrum kosti eiga félög yfir höfði sér keppnisbann. Að auki gildir sú regla hjá UMFÍ að lottógreiðslur falla niður til sambandsaðila vegna félaga sem ekki skila inn starfsskýrslum og félaga- / iðkendatali þar til skil eiga sér stað.

# UMSK á veraldarvefnum




UMSK hefur fyrst héraðssambanda opnað heimasíðu á veraldarvefnum. Síðan er geymd hjá Íslenskum Getraunum og er slóðin:

http://www.toto.is/hersamb/umsk

ÍSÍ og Getraunir hafa einmitt á síðasta ári verið að koma upp skemmtilegum vef um allt í sambandi við íþróttir og er vel þess virði fyrir alla áhugamenn um íþróttir sem á annað borð hafa aðgang að "internetinu", að skoða þennan bráðskemmtilega vef. Þá hefur UMSK að sjálfsögðu fengið póstfang á netinu og er það "umsk@toto.is" en þangað má senda sambandinu bréf, ásamt því sem ábendingar um efni á vefinn eru vel þegnar.

# 22. Landsmót UMFÍ




S.l. haust var skipað í landsmótsnefnd til að vinna að þátttöku sambandsins á 22. Landsmót UMFÍ, sem fram fer í Borgarnesi dagana 4. -7. júlí í sumar. Nefndin er skipuð fimm einstaklingum sem allir hafa áratuga reynslu í starfi fyrir sambandið og aðildarfélög þess. Nefndin hefur haldið nokkra fundi í vetur ásamt því að fara í vettvangsferð í Borgarnes.

Nefndin setti sér strax það markmið að standa sem best að undirbúningi þátttökunnar með það sem lokamarkmið að endurheimta bikarinn fyrir heildarstigakeppnina í lok móts. Þrátt fyrir margfalda hækkun á þátttökugjöldum (úr 400.- í 3.000.-) á mótið var ákveðið að stefna að sem breiðastri þátttöku, þó þannig að gera þær kröfur að keppendur hefðu fullt erindi í harða keppni. Reglum um stigaútreikning var breytt í mjög jákvæða átt, þ.e.a.s. allar greinar gefa hlutfallslega jafn mikið og því engin mismunun á milli einstaklings- og boltagreinanna sem var því miður til staðar í eldri reglugerð landsmótsins. Skráningu í flokkagreinar lauk 1. desember s.l. og var full skráning í þær allar frá UMSK. Skráning í einstaklingsgreinarnar er seinna í vor.



Nefndin tók þá ákvörðun fyrir áramót eftir að hafa farið gaumgæfilega yfir tilboð í utanyfirgalla að halda áfram með sömu gallana frá síðasta móti. Þeir gallar hafa endst mjög vel og áframhaldandi hagstætt tilboð frá umboðsaðilanum reið baggamuninn.

Eins og fyrr segir fór nefndin í vettvangsferð í byrjun janúar í Borgarnes til að kynna sér með eigin augum aðstöðuna á mótsstað. Formaður Landsmótsnefndar UMSB Ingimundur Ingimundarson lóðsaði nefndina um svæðið og kunnum við honum okkar bestur þakkir fyrir. Borgnesingar hafa gert gríðarlegt átak í aðstöðumálum og gert mótssvæðið á stuttum tíma að glæsilegri umgjörð um væntanlegt mót.



Einu áhyggjurnar sem nefndin hefur um mótið er staðsetning keppendatjaldbúða. Búðirnar eru töluvert langt frá aðalmótssvæðinu og gætu vandræði skapast við flutning á keppendum á mótsstað því samgöngur að tjaldsvæðunum eru ekki eins og best verður á kosið. Langt er í rennandi vatn og rafmagn sem er nauðsynlegt í matartjaldið. Það er von nefndarinnar að tjaldstæðamálið leysist farsællega, því nefndin leggur mikla áherslu á tjaldstæðastemmninguna.



Stjórn UMSK festi í vetur kaup á nýju tjaldi en það er 220 m²stórt. Gamla tjaldið var um 160 m² og orðið ansi lúið. Sem fyrr verður lögð áhersla á gott mötuneyti í tjaldinu og reynt að skapa gömlu góðu stemmninguna sem sem svo oft hefur fleytt okkur til góðs árangurs á fyrri mótum og gerir þau svo skemmtileg og minnisstæð.

Samstillt UMSK lið til sigurs.

*Einar Sigurðsson*

# Landsmótsnefnd UMSK

| | | |
|---|---|---|
| Einar Sigurðsson | Breiðablik | formaður |
| Hraunar Daníelsson | Breiðablik | |
| Margrét Guðmundsdóttir | Gerpla | |
| Jóna Þorvarðardóttir | Afturelding | |
| Kristján Sveinbjörnsson | UMFB | |

# Sérgreinastjórar UMSK



| | |
|---|---|
| Blak: | Albert H.N. Valdimarsson |
| Borðtennis: | Albrecht Ehmann |
| Bridds: | Trausti Finnbogason |
| Frjálsar: | Þórður Guðmundsson |
| Skák: | Leifur Vilmundarson |
| Sund: | Guðrún Magnúsdóttir |
| Starfsíþróttir: | Kristján Sveinbjörnsson |

**Ekki hafa verið skipaðir sérgreinastjórar í eftirtaldar greinar:**

Fimleika, Golf, Handknattleik, Hestaíþróttir, Knattspyrnu og Körfuknattleik.

# Knattspyrnunefnd UMSK

Knattspyrnunefndin hélt tvo fundi á árinu 1996. Á fyrri fundinum sem haldinn var í ágúst var fjallað um skipulag knattspyrnumótsins sem haldið er í september ár hvert. Á seinni fundinum sem haldinn var í nóvember var farið yfir tillögur og annað sem snéri að ársþingi KSÍ. KSÍ þingið var haldið á Scandic Hótel Loftleiðum dagana 29. nóvember til 1. desember s.l. og átti sambandið 11 fulltrúa á þinginu.

## Knattspyrnumót UMSK 1996

Héraðsmót UMSK í knattspyrnu fór fram í september s.l. og var í umsjón knattspyrnunefndar. Sem fyrr var mótinu skipt á milli deildanna og sá HK um 3. og 7. flokk karla, Breiðablik um 3. 4. 5. og 6. flokk kvenna. Grótta sá um 4. og 5. flokk karla og Stjarnan sá um mótið í 6. flokki karla. Mótið gekk almennt mjög vel fyrir sig og voru veitt verðlaun fyrir fyrstu sæti.

## Úrslit í knattspyrnumóti UMSK

(Úrslit vantar úr öðrum flokkum en þeim sem hér birtast)

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **3. fl. karla A** | HK - Stjarnan | 3 - 4 | 1. sæti | Breiðablik |
| | Stjarnan - Breiðablik | 1 - 4 | 2. sæti | Stjarnan |
| | Breiðablik - HK | 7 - 1 | 3. sæti | HK |
| **3. fl. karla B** | HK - Stjarnan | 2 - 0 | 1. sæti | HK |
| | Stjarnan - Breiðablik | 2 - 2 | 2. sæti | Breiðablik |
| | Breiðablik - HK | 1 - 2 | 3. sæti | Stjarnan |
| **4. fl. karla A** | Grótta - Breiðablik | 2 - 3 | 1. sæti | Stjarnan |
| | Stjarnan - HK | 0 - 0 | 2. sæti | Breiðablik |
| | Grótta - Stjarnan | 0 - 4 | 3. sæti | Grótta |
| | Breiðablik - HK | 3 - 0 | 4. sæti | HK |
| | Breiðablik - Stjarnan | 0 - 0 | | |
| | Grótta - HK | 2 - 0 | | |
| | **Úrslitaleikur:** | | | |
| | Breiðablik - Stjarnan | 3 - 4 | | |

**4. fl. karla B**

| | | | |
|---|---|---|---|
| HK - Stjarnan | 2 - 0 | 1. sæti | Breiðablik |
| Breiðablik - Grótta | 0 - 1 | 2. sæti | Grótta |
| HK - Breiðablik | 1 - 4 | 3. sæti | HK |
| Stjarnan - Grótta | 1 - 0 | 4. sæti | Stjarnan |
| HK - Grótta | 0 - 2 | | |
| Stjarnan - Breiðablik | 1 - 3 | | |
| **Úrslitaleikur:** | | | |
| Breiðablik - Grótta | 1 - 1 | (Breiðablik vann í vítaspyrnuk.) | |

**7. fl. karla A**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Breiðablik | 3 | 7-1 | 9 stig |
| 2. | HK | 3 | 9-2 | 4 stig |
| 3. | Stjarnan | 3 | 6-2 | 4 stig |
| 4. | UMFB | 3 | 0-17 | 0 stig |

**7. fl. karla B**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Stjarnan | 2 | 4-0 | 6 stig |
| 2. | HK | 2 | 2-3 | 3 stig |
| 3. | Breiðablik | 2 | 1-4 | 0 stig |

**7 fl. karla C**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Breiðablik | 3 | 7-2 | 9 stig |
| 2. | HK 1 | 3 | 7-4 | 6 stig |
| 3. | Stjarnan | 3 | 6-5 | 3 stig |
| 4. | HK 2 | 3 | 1-10 | 0 stig |




*Frá skólahlaupi UMSK sem haldið var á Kópavogsvelli 28. september s.l.*

# Sundnefnd UMSK

Sund var sem fyrr iðkað hjá Aftureldingu, Breiðabliki og Stjörnunni. Þessar þrjár deildir kepptu undir merkjum UMSK á Unglingamóti-KR, AMÍ, EMÍ og í Bikarkeppni SSÍ. Samvinna milla félaganna var með svipuðu sniði og undanfarin ár.

Héraðsmót var haldið þann 27. apríl s.l í Varmárlaug í Mosfellsbæ. Sunddeild Aftureldingar sá um framkvæmd mótsins og var hún öll til fyrirmyndar. Lið UMSK tók þátt í bikarkeppni SSÍ 1. deild. Liðið náði að halda sér í fyrstu deildinni en það eitt verður að tlejast stórafrek, en lið UMSK er mjög ungt.

Sundfólk UMSK æfir nú að krafti fyrir Landsmót UMFÍ og er stefnt að góðum árangri þar.

# Úrslit í sundmóti UMSK

## Hnokkar
**f. 86 og yngri**

| | | | |
|---|---|---|---|
| **50 m. bringusund** | | | |
| 1. | Steinar Valur Ægisson | Afturelding | 01:04:99 |
| 2. | Friðjón Örn Magnússon | Afturelding | 01:14:16 |
| 3. | Snævar Ingi Hafsteinsson | Afturelding | 01:14:60 |
| **100 m. bringusund** | | | |
| 1. | Árni Már Árnason | Afturelding | 01:48:87 |
| 2. | Þorsteinn Lúðvíksson | Afturelding | 02:14:42 |
| **50 m. skriðsund** | | | |
| 1. | Snævar Ingi Hafsteinsson | Afturelding | 01:07:98 |
| 2. | Þórarinn Guðlaugsson | Breiðablik | 01:09:66 |
| 3. | Snær Gíslason | Breiðablik | 01:24:50 |
| **100 m. skriðsund** | | | |
| 1. | Rúnar Rafn Ægisson | Afturelding | 01:40:84 |
| 2. | Friðjón Örn Magnússon | Afturelding | 02:07:64 |
| 3. | Steinar Valur Ægisson | Afturelding | 02:08:39 |
| **100 m. fjórsund** | | | |
| 1. | Árni Már Árnason | Afturelding | 01:44:60 |
| 2. | Þorsteinn Lúðvíksson | Afturelding | 02:26:13 |

## Hnátur
**f.86 og yngri**

| | | | |
|---|---|---|---|
| **50 m. bringusund** | | | |
| 1. | Sif Magnúsdóttir | Breiðablik | 01:04:23 |
| 2. | Stefanía Ösp Guðmundsdóttir | Breiðablik | 01:06:27 |
| 3. | Hrefna Halldórsdóttir | Breiðablik | 01:07:46 |
| **100 m. bringusund** | | | |
| 1. | Stefanía Árnadóttir | Breiðablik | 01:50:10 |
| 2. | Elín Jakobsdóttir | Breiðablik | 01:56:41 |
| 3. | Thelma Ólafsdóttir | Breiðablik | 01:56:69 |
| **50 m. skriðsund** | | | |
| 1. | Hrefna Halldórsdóttir | Breiðablik | 00:54:06 |
| 2. | Helga Hrönn Óskarsdóttir | Breiðablik | 00:58:86 |
| 3. | Sigþrúður Jónsdóttir | Breiðablik | 01:01:40 |

## hnátur
framhald

| | | | |
|---|---|---|---|
| **100 m. skriðsund** | | | |
| 1. | Stefanía Árnadóttir | Breiðablik | 01:38:79 |
| 2. | Thelma Ólafsdóttir | Breiðablik | 01:39:73 |
| 3. | Elín Jakobsdóttir | Breiðablik | 01:40:05 |
| **100 m fjórsund** | | | |
| 1 | Birna Sif Magnúsdóttir | Afturelding | 02:10:81 |

## Sveinar
f. 84 og 85

| | | | |
|---|---|---|---|
| **100 m. bringusund** | | | |
| 1. | Sigurður Aðalgeirsson | Afturelding | 01:55:19 |
| 2. | Davíð Örn Ingason | Afturelding | 01:56:10 |
| 3. | Hilmar Egilsson | Breiðablik | 01:59:67 |
| **100 m. skriðsund** | | | |
| 1. | Örn Sigurðsson | Afturelding | 01:27:47 |
| 2. | Sigurður Aðalgeirsson | Afturelding | 01:28:70 |
| 3. | Davíð Örn Ingason | Afturelding | 01:28:99 |
| **200 m. fjórsund** | | | |
| 1. | Örn Sigurðsson | Afturelding | 04:03:71 |

## Meyjar
f. 84 og 85

| | | | |
|---|---|---|---|
| **100 m. bringsund** | | | |
| 1. | Ragnheiður Ragnarsdóttir | Stjarnan | 01:37:79 |
| 2. | Steinunn Þyrí Þórarinsdóttir | Afturelding | 01:40:49 |
| 3. | Elín Lóa Baldursdóttir | Afturelding | 01:40:64 |
| **100 m. Skriðsund** | | | |
| 1. | Þuríður Eiríksdóttir | Breiðablik | 01:12:12 |
| 2. | Ragnheiður Ragnarsdóttir | Stjarnan | 01:22:80 |
| 3. | Steinunn Þyrí Þórarinsdóttir | Afturelding | 01:27:96 |
| **200 m. fjórsund** | | | |
| 1. | Þuríður Eiríksdóttir | Breiðablik | 03:06:04 |
| 2. | Jóhanna Rut Hafsteinsdóttir | Afturelding | 03:46:21 |

## Drengir
f. 82 og 83

| | | | |
|---|---|---|---|
| **100 m. baksund** | | | |
| 1. | Eiríkur Lárusson | Afturelding | 01:20:91 |
| 2. | Karl Lárusson | Afturelding | 01:22:44 |
| 3. | Arnþór B. Egilsson | Breiðablik | 01:31:91 |
| **200 m. skriðsund** | | | |
| 1. | Eiríkur Lárusson | Afturelding | 02:34:24 |
| 2. | Stefán Karl Sævarsson | Breiðablik | 02:49:03 |
| 3. | Þórður Hrannarsson | Stjarnan | 03:00:67 |
| **50 m. flugsund** | | | |
| 1. | Stefán Karl Sævarsson | Breiðablik | 00:37:68 |
| 2. | Karl Lárusson | Afturelding | 00:38:41 |

## Telpur
f. 82 og 83

| | | | |
|---|---|---|---|
| **100 m. baksund** | | | |
| 1. | Birna Hallgrímsdóttir | Breiðablik | 01:21:63 |
| 2. | Anna Hallgrímsdóttir | Stjarnan | 01:26:77 |
| 3. | Anna B. Thorarensen | Breiðablik | 01:31:13 |
| **200 m. skriðsund** | | | |
| 1. | Katla Jörundsdóttir | Afturelding | 02:35:45 |
| 2. | Steinunn Skúladóttir | Breiðablik | 02:36:12 |
| 3. | Arna Arnarsdóttir | Breiðablik | 02:36:82 |
| **50 m. flugsund** | | | |
| 1. | Gígja H. Árnadóttir | Afturelding | 00:32:20 |
| 2. | Kristín L. Guðlaugsdóttir | Breiðablik | 00:37:56 |
| 3. | Anna Hallgrímsdóttir | Stjarnan | 00:38:74 |

## Piltar
f. 80 og 81

| | | | |
|---|---|---|---|
| **200 m. bringusund** | | | |
| 1. | Sigurgísli Pálsson | Afturelding | 03:16:62 |
| 2. | Guðmundur Pétursson | Afturelding | 03:25:81 |
| **100 m. baksund** | | | |
| 1. | Eiríkur Einarsson | Stjarnan | 01:14:92 |
| 2. | Sigurgísli Pálsson | Afturelding | 01:20:54 |
| 3. | Guðmundur Pétursson | Afturelding | 01:26:13 |
| **400 m. skriðsund** | | | |
| 1. | Eiríkur Einarsson | Stjarnan | 04:49:00 |
| 2. | Arnar Felix Einarsson | Breiðablik | 05:10:43 |
| **200 m. fjórsund** | | | |
| 1. | Arnar Felix Einarsson | Breiðablik | 02:50:06 |

## Stúlkur
f. 80 og 81

| | | | |
|---|---|---|---|
| **200 m. bringusund** | | | |
| 1. | Erna Rós Bragadóttir | Breiðablik | 03:12:43 |
| 2. | Jóna Sveinbjörnsdóttir | Stjarnan | 03:17:45 |
| 3. | Herdís Eiríksdóttir | Breiðablik | 03:19:27 |
| **100 m. baksund** | | | |
| 1. | Eva B. Björnsdóttir | Afturelding | 01:17:55 |
| 2. | Alda Birgisdóttir | Stjarnan | 01:20:15 |
| 3. | Kristín V. Matthíasdóttir | Breiðablik | 01:22:34 |
| **400 m. skriðsund** | | | |
| 1. | Inga Dögg Steinþórsdóttir | Afturelding | 05:05:15 |
| 2. | Alda Birgisdóttir | Stjarnan | 05:05:54 |
| 3. | Elín Pálsdóttir | Afturelding | 05:09:25 |
| **200 m. fjórsund** | | | |
| 1. | Eva B. Björnsdóttir | Afturelding | 02:44:55 |
| 2. | Inga Dögg Steinþórsdóttir | Afturelding | 02:48:63 |
| 3. | Kristín V. Matthíasdóttir | Breiðablik | 02:52:33 |



*Gígja Hrönn Árnadóttir með sundbikar UMSK sem hún hlaut á 72. ársþinginu.*

# Héraðsmet í sundi 1996

## Konur:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 50 m | skrið | 00.29,01 mín | Hrafnhildur Hákonardóttir | UMFA | 91 |
| 100 m | skrið | 01.01,68 mín | Hrafnhildur Hákonardóttir | UMFA | 92 |
| 200 m | skrið | 02.18,34 mín | Eva Björk Björnsdóttir | UMFA | 96 |
| 400 m | skrið | 04.46,18 mín | Eva Björk Björnsdóttir | UMFA | 95 |
| 800 m | skrið | 09.51,53 mín | Eva Björk Björnsdóttir | UMFA | 95 |
| 50 m | bringa | 00.37,19 mín | Gígja Hrönn Árnadóttir | UMFA | 96 |
| 100 m | bringa | 01.14,14 mín | Ragnheiður Runólfsdóttir | UMFA | 93 |
| 200 m | bringa | 02.40,03 mín | Ragnheiður Runólfsdóttir | UMFA | 93 |
| 50 m | bak | 00.33,28 mín | Hrafnhildur Hákonardóttir | UMFA | 92 |
| 100 m | bak | 01.09,36 mín | Hrafnhildur Hákonardóttir | UMFA | 92 |
| 200 m | bak | 02.30,98 mín | Hrafnhildur Hákonardóttir | UMFA | 92 |
| 50 m | flug | 00.31,27 mín | Gígja Hrönn Árnadóttir | UMFA | 96 |
| 100 m | flug | 01.09,43 mín | Gígja Hrönn Árnadóttir | UMFA | 96 |
| 200 m | flug | 02.42,32 mín | Rán Sturlaugsdóttir | Breiðablik | 94 |
| 100 m | fjór | 01.13,26 mín | Gígja Hrönn Árnadóttir | UMFA | 96 |
| 200 m | fjór | 02.29,73 mín | Ragnheiður Runólfsdóttir | UMFA | 93 |
| 400 m | fjór | 05.26,71 mín | Eva Björk Björnsdóttir | UMFA | 96 |
| 4x50 m | bringa | 02.42,94 mín | Telpnasveit UMFA | | 96 |
| 4x100 m | bringa | 05.52,86 | Telpnasveit UMFA | Íslandsm. | 96 |
| 4x50 m | fjór | 02.17,28 mín | Stúlknasveit UMFA | | 96 |
| 4x100 m | fjór | 04.56,71 mín | Stúlknasveit UMFA | | 96 |
| 4x100 m | flug | 05.31,80 mín | Telpnasveit UMFA | Íslandsm. | 95 |
| 4x50 m | skrið | 02.15,52 mín | Stúlknasveit UMFA | | 95 |
| 4x100 m | skrið | 04.20,89 mín | Stúlknasveit UMFA | | 96 |

## Karlar:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 50 m | skrið | 00.25,20 mín | Þorvaldur S. Árnason | UMFA | 96 |
| 100 m | skrið | 00.54,59 mín | Þorvaldur S. Árnason | UMFA | 96 |
| 200 m | skrið | 01.59,97 mín | Þorvaldur S. Árnason | UMFA | 96 |
| 400 m | skrið | 04.24,39 mín | Tómas Sturlaugsson | Breiðablik | 95 |
| 800 m | skrið | 09.03,48 mín | Tómas Sturlaugsson | Breiðablik | 95 |
| 1500 m | skrið | 17.07,55 mín | Tómas Sturlaugsson | Breiðablik | 95 |
| 50 m | bringa | 00.32,04 mín | Arnoddur Erlendsson | Breiðablik | 94 |
| 100 m | bringa | 01.10,30 mín | Þorvaldur S. Árnason | UMFA | 94 |
| 200 m | bringa | 02.31,55 mín | Þorvaldur S. Árnason | UMFA | 94 |
| 50 m | bak | 00.31,41 mín | Geir Birgisson | UMFA | 95 |
| 100 m | bak | 01.04,86 mín | Geir Birgisson | UMFA | 92 |
| 200 m | bak | 02.24,87 mín | Geir Birgisson | UMFA | 92 |
| 50 m | flug | 00.28,60 mín | Þorvaldur S. Árnason | UMFA | 96 |
| 100 m | flug | 01.03,39 mín | Geir Birgisson | UMFA | 94 |
| 200 m | flug | 02.20,60 mín | Kristján Sigurðsson | UMFA | 90 |
| 100 m | fjór | 01.06,10 mín | Þorvaldur S. Árnason | UMFA | 95 |
| 200 m | fjór | 02.19,26 mín | Kristján Sigurðsson | UMFA | 91 |
| 400 m | fjór | 05.02,15 mín | Geir Birgisson | UMFA | 90 |
| 4x50 m | skrið | 02.18,66 mín | Sveinasveit UMSK | | 96 |
| 8x50 m | skrið | 03.39,82 mín | Piltasveit UMSK | | 91 |
| 4x100 m | skrið | 03.56,98 mín | Karlasveit UMSK | | 95 |
| 4x100 m | bringa | 05.04,70 mín | Piltasveit UMSK | Íslandsm. | 91 |
| 4x50 m | fjór | 02.19,27 mín | Piltasveit UMFA | | 92 |
| 4x100 m | fjór | 04.26,87 mín | Karlasveit UMSK | | 94 |

# Frjálsíþróttanefnd UMSK

Það má segja að hlaupið hafi á snærið hjá frjálsíþróttamönnum innan UMSK á s.l. ári, þegar gerfiefni var lagt á hlaupabrautirnar á Kópavogsvelli. Nú eru tveir fullkomnir frjálsíþróttavellir á sambandssvæði UMSK og ætti það að efla starfið til muna. Lið UMSK tók þátt í Bikarkeppni FRÍ og rétt náði að halda sér í fyrstu deild. Nú í vetur hefur starf frjálsíþróttamanna einkum beinst að undirbúningi undir Landsmót UMFÍ sem haldið verður n.k. sumar.

## Héraðsmet í frjálsum 1996:

### Konur

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 60 m | 7,7 sek | Svanhildur Kristjónsdóttir | Breiðablik | 84 |
| 80 m | 10,1 sek | Svanhildur Kristjónsdóttir | Breiðablik | 84 |
| 100 m | 11,79 sek | Svanhildur Kristjónsdóttir | Breiðablik | 85 |
| 200 m | 24,30 sek | Svanhildur Kristjónsdóttir | Breiðablik | 85 |
| 300 m | 41,2 sek | Svanhildur Kristjónsdóttir | Breiðablik | 84 |
| 400 m | 55,1 sek | Svanhildur Kristjónsdóttir | Breiðablik | 87 |
| 800 m | 2.06,22 mín | Hrönn Guðmundsdóttir | Breiðablik | 82 |
| 1000 m | 3.01,2 mín | Ragnhildur Pálsdóttir | Stjarnan | 73 |
| 1500 m | 4.22,95 mín | Fríða Rún Þórðardóttir | UMFA | 91 |
| 1 míla | 4.58,99 mín | Fríða Rún Þórðardóttir | UMFA | 95 |
| 3000 m | 9.31,0 mín | Fríða Rún Þórðardóttir | UMFA | 93 |
| 5000 m | 16.52,96 mín | Fríða Rún Þórðardóttir | UMFA | 95 |
| 1/2 maraþon | 1.32.59 kl.st. | Fríða Bjarnadóttir | Breiðablik | 86 |
| Maraþon | 3.34.30 kl.st. | Fríða Bjarnadóttir | Breiðablik | 86 |
| 100 m gr.hl. | 14,11 sek | Guðrún Arnardóttir | Breiðablik | 90 |
| 300 m gr.hl. | 47,8 sek | Berglind Erlendsdóttir | Breiðablik | 84 |
| 400 m gr.hl. | 65,3 sek | Berglind Erlendsdóttir | Breiðablik | 87 |
| Kúluvarp | 11,17 m | Gunnþórunn Geirsdóttir | Breiðablik | 71 |
| Kringlukast | 35,10 m | Íris Jónsdóttir | Breiðablik | 82 |
| Spjótkast | 39,60 m | Arndís Björnsdóttir | Breiðablik | 72 |
| Langstökk | 5,67 m | Svanhildur Kristjónsdóttir | Breiðablik | 85 |
| Þrístökk | 11,43 m | Guðrún Arnardóttir | Breiðablik | 91 |
| Hástökk | 1,75 m | Íris Jónsdóttir | Breiðablik | 78 |

Fimmtarþr. 3291 stig Kristín Björnsdóttir Breiðablik 72
(18,0 sek, 5,16 m, 9,59 m, 1,50 m, 26,6 sek)

Sjöþraut 4050 stig Jóhanna Jensdóttir Breiðablik 95
(16,39 sek, 1,67 m, 8,54 m, 28,33 sek, 4,96 m, 23,90 m, 2.36,32 m)

4x100 m boðhlaup 48,04 sek Sveit UMSK Breiðablik 87
(Inga Úlfsd., Berglind Erlendsd., Guðrún Arnard., Svanhildur Kristjónsd.)

4x200 m boðhlaup 1.54,1 mín Sveit UMSK Breiðablik 78
(Helga Árnadóttir, Hrönn Guðmundsd., Guðrún Karlsdóttir, Linda Bentsd.)

4x400 m boðhlaup 4.12,1 mín Sveit UMSK Breiðablik 72
(Kristín Björnsd., Ragnhildur Pálsd., Björg Kristjánsd., Hafdís Ingimarsd.)

1000 m boðhlaup 2.15,8 mín Sveit UMSK Breiðablik 87
(Inga Úlfsd., Berglind Erlendsd., Guðrún Arnard., Svanhildur Kristjónsd.)

# Karlar

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 100 m | 10,81 sek | Hörður Gunnarsson | Breiðablik | 95 |
| 200 m | 22,18 sek | Erlingur Jóhannsson | Breiðablik | 85 |
| 300 m | 34,44 sek | Egill Eiðsson | Breiðablik | 94 |
| 400 m | 48,42 sek | Erlingur Jóhannsson | Breiðablik | 85 |
| 800 m | 1.48,83 mín | Erlingur Jóhannsson | Breiðablik | 87 |
| 1000 m | 2.29,3 mín | Guðmundur Sigurðsson | Breiðablik | 86 |
| 1500 m | 3.50,34 mín | Guðmundur Sigurðsson | Breiðablik | 88 |
| 1 míla | 4.24,0 mín | Þórður Guðmundsson | Breiðablik | 65 |
| 2000 m | 5.53,6 mín | Þórður Guðmundsson | Breiðablik | 65 |
| 3000 m | 8.46,0 mín | Guðmundur Sigurðsson | Breiðablik | 88 |
| 3000 m hind. | 9.26,96 mín | Björgvin Friðriksson | UMFA | 95 |
| 2 mílur | 10.02,6 mín | Erlingur Þorsteinsson | Stjarnan | 74 |
| 5000 m | 15.29,0 mín | Hannes Hrafnkelsson | Breiðablik | 85 |
| 10000 m | 33.36,34 mín | Gunnar Snorrason | Breiðablik | 81 |
| 20000 m | 1.11.56,4 kl.st. | Gunnar Snorrason | Breiðablik | 71 |
| 25000 m | 1.35.43,2 kl.st. | Gunnar Snorrason | Breiðablik | 71 |
| Klukkust.hl. | 16.735 m | Gunnar Snorrason | Breiðablik | 71 |
| 1/2 mar.hl. | 1.18.19 kl.st. | Björgvin Friðriksson | UMFA | 95 |
